

Nr. 1.
14.
júlí.

Auglýsing

um

að stofnað skuli stjórnarráð fyrir Ísland og hvernig skipta skuli niður störfum þeim, sem hin íslenzka stjórnardeild, er hingað til hefir verið, hefir haft á hendi.

Með allrahæstum úrskurði, dagsettum í dag, hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að skipa svo fyrir:

1) að stofna skuli frá 1. ágúst þ. á. sjerstakt stjórnarráð fyrir Ísland, samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 2. og 62. gr.;

2) að öll þau mál, viðvíkjandi Íslandi, sem hingað til hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, er heyrir undir dómsmálastjórnina og að því leyti, er snertir kirkju- og skólamál, undir kirkju- og kennslustjórnina, skuli frá 1. ágúst þ. á. lögð undir stjórnarráðið fyrir Ísland, þannig að öll sjerstakleg íslenzk málefni verði eptirleiðis afgreidd í þessu stjórnarráði, að undantekinni endurskoðun íslenzkra reikninga, sem 1. reikninga-stjórnardeild fjárhagsstjórnarinnar skál hafa á hendi fyrst um sinn eins og hingað til;

3) að færeysku málin, sem hingað til hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, skuli lögð undir 2. stjórnardeild dómsmálastjórnarinnar, að undanteknum færeyskum kirkju- og skólamálum, sem skulu lögð undir kirkju- og kennslustjórnina.

Í fyrrsæti ráðgjafanna 14. dag júlím. 1874.

L. Gr. Holstein.

J. Holten.

Nr. 2.
16.
júlí.

Allrahæsti úrskurður

um

að skipaður sje ráðgjafi fyrir Ísland.

16. dag júlím. 1874 hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að skipa dómsmálaráðgjafa Christian Sophus Klein, til þess einnig að vera ráðgjafa fyrir Ísland frá 1. ágúst. s. á.

Bekjendtgjørelse

angaaende

Nr. 1.
14de
Suli.

Oprettelsen af et Ministerium for Island og Fordelingen af de under det hidtilværende islandske Departement henhørende Forretninger.

Ved allerhøieste Resolution af Dags Dato har det allernaadigst behaget Hans Majestæt Kongen at befale:

1) at der, i Overensstemmelse med Forfatningslov for Islands særlige Antliggender af 5te Januar 1874 §§ 2 og 62, fra den 1ste August d. A. oprettes et særligt Ministerium for Island;

2) at alle de Island vedkommende Sager, som hidtil ere blevne behandlevde af det under Justitsministeriet og, forsaavidt angaar Kirke- og Skolefager, under Ministeriet for Kirke- og Undervisningsvæsenet henhørende islandske Departement, fra den 1ste August d. A. henlægges under Ministeriet for Island, saaledes at for Fremtiden alle særlige islandske Sager behandles i dette Ministerium, med Undtagelse af Revisionen af de islandske Regnskaber, der foreløbig vedbliver at henhøre under Finantsministeriets 1ste Revisionsdepartement;

3) at de af det islandske Departement hidtil behandlede færøske Sager henlægges under Justitsministeriets 2det Departement, dog med Undtagelse af de færøske Kirke- og Skolefager, der henlægges under Ministeriet for Kirke- og Undervisningsvæsenet.

Konseilpræsidiat, den 14de Juli 1874.

L. Gr. Holstein.

J. Holten.

Allerhøieste Resolution

om

Nr. 2.
16de
Suli.

Udnævnelsen af en Minister for Island.

Under 16de Juli 1874 har det allernaadigst behaget Hans Majestæt Kongen at udnævne Justitsminister Christian Sophus Klein til tillige at være Minister for Island fra den 1ste August f. A. at regne.